

## FUNDARGERÐ

374. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 3. maí 2016 kl. 9.15 í Árskógum 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Hrafn Magnússon, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Ellert B. Schram og Helgi Pétursson.

### **Þetta gerðist:**

Þórunn setti í fundinn og kynnti fyrir okkur Önnu Kristínu Bjarnadóttur, starfsmann Reykjavíkurborgar í Árskógum, og samstarfsmann félagsins. Anna sagði lítillega frá Árskógum starfseminni og gerði grein fyrir störfum sínum.

### **Fundargerð síðasta fundar samþykkt.**

#### **1. Fjármálin / félagsmenn**

Gísli fór stöðu félagsins. Send félagsgjaldainnheimta til 9837 félagsmanna og hafa u.þ.b. 8800 greitt félagsgjöldin sem er 90% innheimtuhlutfall.

#### **2. Árskógar fyrstu skref í samvinnu / Félagsstarf miða við breyttar forsendur**

Fundurinn haldinn í því húsnæði sem félagið hefur nú fengið til afnota og stjórn mun skoða frekar að loknum fundi. Starfsemi verður á báðum stöðum hér í Árskógum og svo í Stangarhylnum. Stjórnarmenn horfa björtum augum til samstarfsins við Reykjavíkurborg. Breytt félagsstarf verður tekið upp í haust og þar komi inn eitthvað af því starfi sem m.a. hefur komið fram á hópafundum Gráa hersins.

Umræða var einnig um birtingu dagskrár félagsstarfsins.

### 3. Formannafundur LEB

Formaður FEB sat fundinn og sagði frá honum og því sem fram fór m.a. í hópastarfi. Umræða um starfsemi LEB? Það er skoðun stjórnar að stjórnarsýsla og verklag innan LEB kann að vera á skjön við stefnu og vinnubrögð FEB. Eftirfarandi samþykkt eftir umræðu: Gerð verði úttekt sem allra fyrst á ávinningi FEB á því að vera í LEB.

### 4. Almennatryggingar – nefndin og breytingar

Dreift var grein sem kemur í næstu Félagstíðindum um tillögur nefndar um endurskoðun laga um almennatryggingar og uppbyggingu kerfisins. Eftirfarandi kom m.a. fram í umræðum:

Gagnrýnisvert er að frítekjumörk skulu alfarið verið felld niður. Verið að svipta stórum hópi fólks grunnlífeyri. Hækkun á lífeyristökualdri í 70 ár hver er ávinningurinn – hvað er fengið / gefið eftir? FEB bíður eftir að frumvarpi velferðarráðuneytisins um breytingar á almennatryggingakerfinu taki á sig mynd og mun koma með umsögn þegar eftir því verður kallað af hálfu Alþingis.

### 5. Múlabær / Hlíðabær stjórn

Samþykkt að Guðrún Árnadóttir komi inn sem varamaður í stjórn, f.h. FEB.

### 6. Grái herinn hvað svo? Hvert stefnum við?

Hópar farnir af stað og mæting verið nokkuð góð. Beiðnir um kynningu frá félögum eldri borgara á landsbyggðinni og fyrirtækjum sem reynt hefur verið að sinna en ljóst er að Grái herinn býr ekki yfir fjármunum til mikilla ferðalaga en félagar hafa tekið kynningar samhliða öðrum tilfallandi ferðum sínum á landsbyggðinni. Þar er m.a. rætt um kjör, óskir og væntingar fólks. Fundir og námskeið á næstunni um lífeyrissjóði, sveigjanleg starfslok og skapandi skrif og notkun Facebook.

Samningsdrög tilbúin og bíða undirritunar við Háskóla Íslands um sambærilega könnun og gerð var fyrir 10 árum um framlag eldri borgara til þjóðfélagsins.

### 7. Bygging í Mjódd

Gísli skýrði frá stöðu mála.

### 8. Samstarf við Reykjavíkurborg um næstu skref í heilsueflingu

Rætt um samstarf og næstu skref í málinu gagnvart Reykjavíkurborg.

### 9. Ný útsending til fólks fætt 1950-51

Gísli fór yfir verkefnið og reiknað er með að kynningarbréf fari út í annarri viku þessa mánaðar..

### 10. Mönnun skrifstofu FEB og breytingar starfa

Samþykkt að óskar eftir yfirliti yfir verkefni og starfsígildi núverandi starfsmanna og skiptingu starfa.

### 11. Heimasíða og Facebook

Ný og bætt heimasíða komin í gagnið. Heimasíðan og Facebooksíða unnar og settar upp af framkvæmdastjóra, en heimsíðan er í samvinnu við WP vefhönnun.

### 12. Önnur mál

- Spurning frá Ernu um hversu mikið af tekjuafgangi síðasta árs fari í að greiða niður lánið sem hvílir á húsinu. Framkvæmdastjóri sagði að ekki hafi verið tekin nein ákvörðun og upplýsti að Arion banki hafi tilkynnt hækkun vaxta á láninu.
- Rætt var um hvar standi lagabreytingartillaga um breytingar greiðslu dagpeninga á hjúkrunarheimilum?
- Farin var skoðunarferð um húsnæðið í Árskógum og aðstaðan skoðuð.  
Fleira ekki skráð og fundi og skoðunarferð lokið um kl. 12.30.